BÖRN OG NETMIÐLAR

GERVIGREIND, FRÉTTIR OG FALSFRÉTTIR



6. HLUTI 2025

Netvís
Netöryggismiðstöð Íslands

FJÖLMIÐLANEFND

MENNTAVÍSINDASTOFNUN

BÖRN OG NETMIÐLAR

6. hluti - Gervigreind, fréttir og falsfréttir

Nóvember 2026
Fjölmiðlanefnd & Netvís - Netöryggismiðstöð Íslands
Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir
Umsjón: Skúli Bragi Geirdal

ISBN: 978-9935-468-52-9
https://doi.org/10.33112/BAHX1054
Mynd á forsíðu: Adobe Stock Image 184785395

Samfjármagnað af Evrópusambandinu

EFNISYFIRLIT

1. GERVIGREIND - AI

Mynd 1.1. Hefur þú notað gervigreindarverkfæri (AI)? 9

Mynd 1.2. Hefur þú notað eitthvert af eftirfarandi gervigreindar/GenAI verkfærum? 10

Mynd 1.3. Til hvers notaðir þú gervigreindarverkfærið? 11

Mynd 1.4. Hversu viss ertu um að upplýsingarnar sem þú færð frá gervigreindar-verkfærum séu réttar? 12

Mynd 1.5. Ég hef áhyggjur af áhrifum af gervigreind á fólk í framtíðinni. 13

Mynd 1.6 Hversu viss ertu um að þú getir greint muninn á raunverulegu mynd eða myndbandi og djúpfölsuðu mynd eða myndbandi þegar þú sérð það? 14

Mynd 1.7. Undanfarinn mánuð hversu oft heldurðu að þú hafir séð djúpfalsaðar myndir eða myndbönd? 15

Mynd 1.8. Hvernig djúpfölsun sástu? 16

Mynd 1.9. Hvað voru þessar djúpfalsanir að sýna sem þú sást undanfarinn mánuð? 16

Tafla 1.1. Hvar sástu þessar djúpfalsanir? 17

2. FRÉTTIR

Mynd 2.1. Lest, hlustar eða horfir þú á fréttir á miðlum á netinu? 18

Mynd 2.2. Hvaða miðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir? 19

Mynd 2.3. Hvers vegna fylgist þú með fréttum? 20

Mynd 2.4. Reynir þú að forðast fréttir þessa dagana. 20

3. FALSFRÉTTIR

Mynd 3.1. Hefur þú séð frétt á síðast liðnu ári sem þú telur hafa verið falsfrétt? 22


Mynd 3.2. Hvað gerðir þú síðast þegar þú sást frétt sem þú taldir vera falsfrétt? 23

Mynd 3.3. Hvaða miðla skoðaðir þú sem þú treystir? 23

Mynd 3.4. Hvar sást þú frétt sem þú taldir að verið gæti falsfrétt? 24


HELSTU NIÐURSTÖÐUR






Gervigreind (AI)

Nálægt helmingur ungmenna hefur áhyggjur af áhrifum gervigreindar í framtíðinni. Áhyggjur aukast með hærra skólastigi.




Gervigreindarlæsi

Um það bil einn af hverjum fimm 8. – 10. bekkingum telja sig algjörlega viss um að geta greint hvort myndir eða myndbönd séu djúpfalsaðar eða raunverulegar myndir. Framhalds-skólanemar eru síður vissir.



Fréttaforðun

Um þriðjungur ungmenna á öllum skólastigum reyna að forðast fréttir á því tímabili þegar könnunin fór fram á haustmánuðum 2025.



Falsfréttir

Ungmennun hefur fækkað sem telja sig hafa séð falsfréttir sl. ár.

Flestir sögðust hafa séð falsfréttir á samfélagsmiðlum, 59% í 8. – 10. bekk og 73% í framhaldsskóla. (Ekki á mynd.)

INNGANGSORÐ

Á síðasta ári var Netvís, Netöryggismiðstöð Íslands (e. Safer Internet Centre) sett á laggirnar sem sérstakt lögbundið verkefni Fjölmiðlanefndar, en Netvís er ætlað að halda utan um rannsóknir, fræðslu og upplýsingamiðlun um félagslegt netöryggi, m.a. fyrir börn og ungmenni, foreldra og fagfólk. Til þess að sinna þessu verkefni hefur Fjölmiðlanefnd hlotið styrk úr Digital Europe styrktaráætlun Evrópusambandsins til næstu þriggja ára. Markmið áætlunarinnar er að auka fræðslu og vinna að vitundarvakningu um bæði tækifæri og áskoranir netsins fyrir börn og ungmenni í ríkjum Evrópu.

Ljóst er að stefna stjórnvalda um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi barna og ungmenna þarf að byggja á áreiðanlegum gögnum og þekkingu á því hvernig þau nota netið og upplifa sig þar. Þá þarf fræðsluefni um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi að byggja á gögnum þar sem hægt er að meta árangur af fræðslu og sjá þróunina aftur í tímann. Slík fræðsla getur aldrei orðið markviss sé hún byggð á tilgátum, almennum áhyggjum eða umræðu sem mótast fyrst og fremst af einstökum atvikum sem eru til umræðu í samfélaginu hverju sinni. Bæði stefnumótun og fræðsla þarf að taka mið af raunverulegri reynslu barna og ungmenna, þeim miðlum sem þau nota, samskiptamynstri þeirra og þeim áskorunum sem þau telja skipta mestu máli í daglegu lífi. Rannsóknin Börn og netmiðlar er grunnurinn að slíku starfi.

Rannsóknin Börn og netmiðlar miðar að því að byggja upp þekkingu á stafrænu lífi barna og ungmenna á Íslandi. Þetta er í þriðja sinn sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands hefur unnið slíka rannsókn upp úr spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn og ungmenni hér á landi. Rannsóknin var fyrst gerð árið 2021, endurtekin 2023 og nú eru birtar niðurstöður rannsóknargagna sem safnað var árið 2025. Þetta samstarf Menntavísindastofnunar og Fjölmiðlanefndar hefur verið einstaklega farsælt frá upphafi.

Fyrir börn og ungmenni er netið ekki sérstakur heimur sem er aðskilinn frá daglegu lífi. Börn eiga í samskiptum á netinu, það er vettvangur fyrir leiki, nám, upplýsingaleit, sköpun og þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu. Þannig er stafrænt umhverfi órjúfanlegur hluti af daglegu lífi barna. Það er líka sú nálgun sem endurspeglast í almennri athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 25 um réttindi barna í stafrænu umhverfi. Þar er lögð áhersla á að réttindi barna gildi jafnt á netinu sem utan þess. Þannig hverfur ekki réttur barna til verndar, þátttöku, friðhelgi einkalífs og upplýsinga þegar samskiptin færast yfir á netið.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ýmsar breytingar á milli ára. Í niðurstöðum má bæði merkja jákvæðar breytingar en jafnframt allnokkrar áskoranir. Sem dæmi hefur heldur dregið úr farsímaeign meðal yngri grunnskólanema og færri börn

segja foreldra sína aðstoða þau við að stofna aðgang að samfélagsmiðlum. Þá hefur meirihluti ungmenna fengið fræðslu um örugga netnotkun. Á sama tíma hefur þeim ungmennum sem sjá hatursorðræðu á netinu fjölgað og fleiri ungmenni sjá umræðu um sölu áfengis á netinu. Með hækkandi aldri fjölgar einnig vinabeiðnum frá einstaklingum sem þykjast vera aðrir en þeir eru.

Til að stuðla að félagslegu netöryggi barna þarf samstillta vinnu margra ólíkra aðila; foreldra, skóla, allra þeirra fjölmörgu aðila sem vinna í íþrótta- og tómstundastarfi, stjórnvalda auk tæknifyrirtækja. Það er mikilvægt að líta ekki á félagslegt netöryggi sem átaksverkefni, heldur er um að ræða viðfangsefni sem þarf sífellt að viðhalda, þróa og betrumbæta eftir því sem tækninni vindur fram og notkunin breytist. Jafnframt þarf að huga að því að fræðsluefni byggt á rannsóknum sé aðgengilegt ólíkum aldurshópum sem þurfa að fá fræðslu með reglubundnum hætti.

Vonandi verður rannsóknin góður grunnur fyrir framtíðar stefnumótun, áframhaldandi rannsóknir og fræðslu um félagslegt netöryggi barna sem tekur mið af reynsluheimi íslenskra barna og ungmenna á netinu.

ELFA ÝR GYLFADÓTTIR

Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

FRAMKVÆMD

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 7.677 nemendur þátt, þar af voru 5.234 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 2.443 framhaldsskólanemar.

Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur. Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 59 af 61 boðaðra skóla.

Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum. Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 23 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í gegnum skólana til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og ekki höfðu hafnað þátttöku. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir nemendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá að engra persónuupplýsinga væri aflað. Þátttakendur gátu valið að svara á íslensku, ensku eða pólsku. Jafnaframt var hægt að hlusta á upplestur spurninganna.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu fyrir alla aldurshópa. Stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu spurningalista með fleiri efnisflokkum. Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum september og fram í miðjan nóvember 2025. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldskólanema var vigtað eftir kyni, aldri og landssvæði.

ÞÁTTTAKENDUR

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

	Strákar		Stelpur		Stálp		Vill ekki svara	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
4. bekkur	353	48,6	345	47,5	7	1,0	21	2,9
5. bekkur	394	50,8	356	45,9	6	0,8	20	2,6
6. bekkur	383	46,6	414	50,4	8	1,0	17	2,1
7. bekkur	356	45,3	412	52,4	9	1,1	9	1,1
8. bekkur	350	49,1	354	49,6	3	0,4	6	0,8
9. bekkur	338	51,7	298	45,6	8	1,2	10	1,5
10. bekkur	378	49,9	357	47,2	10	1,3	12	1,6
Framhaldsskóli	966	39,5	1393	57,0	47	1,9	37	1,5
Samtals	3518	45,8	3929	51,2	98	1,3	132	1,7

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið. Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.


1. GERVIGREIND - AI

Gervigreind er orðin algeng í skólastarfi og stór hluti nemenda nýtir sér möguleika hennar. Hún gagnast þeim meðal annars við hugmyndavinnu, textagerð og útskýringum á námsefni. Hjá mörgum nemendum er gervigreindin orðin að daglegu hjálpartæki. Margir skólar nýta tækifærið og kenna gagnrýna notkun gervigreindar, til að nýta sem viðbót við hefðbundið nám og stuðla að ábyrgri tæknihegðun.

Notkun gervigreindar eykst mikið með aldri, mynd 1.1. Í 5. – 7. bekk segja 40% stráka og 36% stelpna að þau hafi notað gervigreind. Í 8. – 10. bekk hækkar hlutfallið í 76% meðal stráka og 72% hjá stelpum. Í framhaldsskóla hafa langflestir notað gervigreindarverkfæri, 84% stráka og 89% stelpna. Stelpur eru jafnvel aðeins líklegri en strákar til að nota gervigreind í framhaldsskóla.


Mynd 1.1. Hefur þú notað gervigreindarverkfæri (AI)?

Birtingarskilyrði: Allir í 5. bekk og eldri



Sjá má algengustu gervigreindarverkfærin sem þátttakendur notuðu á mynd 1.2. Algengasta gervigreindarverkfærið í öllum aldurshópum er ChatGPT og notkunin er mjög mikil hjá þeim sem notað hafa gervigreindarverkfæri. Í 5. – 7. bekk var notkunin 89%, í 8. – 10. bekk 94% og 97% í framhaldsskóla. Snapchat My AI er næst vinsælasta verkfærið og er notað af 33% í 5. – 7. bekk, 50% í 8. – 10. bekk og 51% í framhaldsskóla.

Mynd 1.2. Hefur þú notað eitthvert af eftirfarandi gervigreindar/GenAI verkfærum?




Önnur gervigreindarforrit eru mun minna notuð eins og Google Gemini sem er notað af 11 – 13% á yngra- og miðstigi og 12% í framhaldsskóla. Character.AI er einnig notað af nokkrum, um 7 – 9% í 5. bekk og upp í framhaldsskóla. Microsoft Copilot er notað af 4 – 6% í grunnskóla og 11% í framhaldsskóla. Önnur verkfæri voru minna notuð um 0 – 6% og eru birt á myndinni.

Helsti tilgangur við notkun gervigreindar var að finna upplýsingar eða efni og jókst hlutfallið með aldri, úr 50% í 5. – 7. bekk í 79% í 8. – 10 .bekk og framhaldsskóla, sjá mynd 1.3. Að nota gervigreindina til aðleita ráða hækkar líka á milli skólastiga, úr 17% í 5. – 7. bekk upp í 34% í 8. – 10. bekk og 46% í framhaldsskóla. Af þeim sem notað hafa gervigreind hafa 18% gert myndir með henni sem verður jafn algengt á unglingastigi grunnskóla og framhaldsskóla (28%). Að stytta eða endurorða texta hækkar einnig með aldri, úr 4% í 5. – 7. bekk upp í 17% á miðstigi og 39% í framhaldsskóla. Að spjalla við gervigreind er svipað algengt í öllum aldurshópum, 18 – 22%. Skipulagning með hjálp gervigreindar hækkar líka með aldri, úr 11% í 5. – 7. bekk í 16% í 8. – 10. bekk og 31% í framhaldsskóla.

Mynd 1.3. Til hvers notaðir þú gervigreindarverkfærið?

Birtingarskilyrði: Að hafa notað gervigreindarverkfæri




Það sem stendur nokkuð upp úr er að valkosturinn Veit ekki, er hæst hjá yngsta hópnum, 29%, sem bendir til þess að mörg þeirra yngstu séu ekki viss um hvað gervigreindin gerir eða hvernig þau hafi notað hana. Hlutfallið lækkar síðan hratt með aldri, niður í 6% í 8. – 10. bekk og 8% í framhaldsskóla. Eins og vænta má eru því eldri nemendur mun öruggari í notkun gervigreindar.

Allir þátttakendur í 7. bekk og eldri áttu að meta það á skalanum 1-10 hversu viss þau væru um að upplýsingarnar sem þau fengju frá gervigreindarverkfærum væru réttar, mynd 1.4. Í 7. bekk dreifast svörin þannig að margir sitja í miðjunni, kringum tölugildin 5 – 7. Fáir velja lægstu eða hæstu gildin, sem bendir til þess að bæði strákar og stelpur séu hvorki óörugg né mjög örugg um áreiðanleika gervigreindar. Í 8. – 10. bekk færist dreifingin aðeins til hægri á kvarðanum, fleiri telja gervigreindarupplýsingar nokkuð réttar. Í framhaldsskóla verður þetta enn skýrara, þar er hæsta hlutfallið á gildunum 5 – 7 og fáir velja 1 – 3 eða 9 –10. Á sama tíma fækkar þeim sem velja valkostinn að vita ekki svarið.

Mynd 1.4. Hversu viss ertu um að upplýsingarnar sem þú færð frá gervigreindarverkfærum séu réttar?

Birtingarskilyrði: Allir í 7. bekk og eldri




Munur á strákum og stelpum er almennt ekki stór, en sjá má að stelpur eru oftar á miðjunni, sérstaklega á gildinu 5 í 8. – 10. bekk og í framhaldsskóla, á meðan strákar eru aðeins oftar á 6 – 7 og upp í 8 – 9. Þetta bendir til þess að strákar séu örlítið líklegri til að meta gervigreindarupplýsingar frekar réttar, en stelpurnar eru aðeins varkárari við að meta áreiðanleika þeirra.

Niðurstöðurnar sýna að meirihluti ungmenna hefur áhyggjur af áhrifum gervigreindar á fólk í framtíðinni.

Mynd 1.5. Ég hef áhyggjur af áhrifum af gervigreind á fólk í framtíðinni.

Hversu sammála eða ósammála.

Birtingarskilyrði: Allir í 8. bekk og eldri




Í 8. – 10. bekk eru það 38% stráka sem eru mjög eða frekar sammála en 51% stelpna. Í framhaldsskóla hækkar hlutfall stráka í 55% sem eru mjög eða frekar sammála og 66% meðal stelpna. Í heildina eru stelpur því á báðum skólastigum nokkuð áhyggjufyllri en strákar, þó að áhyggjur séu skýrt til staðar hjá báðum kynjum.

Mynd 1.6 sýnir kvarða frá 1 – 10 þar sem 1 merkir að nemendur eru ekki viss um að geta greint hvort myndir væru djúpfalsaðar en 10 merkir að þau eru algjörlega viss. Þátttakendur voru spurðir hversu vissir þeir væru að geta greint mun á raunverulegum og djúpfölsuðum myndum. Í 8. – 10. bekk velja bæði strákar og stelpur mjög sjaldan bilin 1 – 4 á kvarðanum, eða 1% – 5%. Valkostirnir 5 – 6 eru aðeins algengari meðal beggja, um 6 – 12 %. Langflestir eru þó í 7 og ofar, oft um 11 – 26%. Stelpur eru oftar

Mynd 1.6 Á kvarðanum 1 til 10, hversu viss ertu um að þú getir greint muninn á raunverulegu mynd eða myndbandi og djúpfölsuðu mynd eða myndbandi þegar þú sérð það?

Birtingarskilyrði: Allir í 8. bekk og eldri




í bilinu 7 og 8 en strákar eru miklu líklegri til að velja 10, 26% stráka borið saman við 13% stelpna.

Í framhaldsskóla eru bilin 1 – 4 einnig lítið valin, yfirleitt 2 – 6%. Bilið 5 – 6 er valið af aðeins hærra hlutfalli, um 7 – 12 %. Meginþorri nemenda velur 7 og ofar þar sem hlutföllin eru gjarnan 12 –19%. Strákar eru þar, eins og í 8. – 10. bekk, líklegri en stelpur til að velja hæsta gildið 10.

Spurt var um hversu oft þátttakendur hafi séð djúpfalsaðar myndir eða myndbönd undanfarinn mánuð, mynd 1.7.

Mynd 1.7. Undanfarinn mánuð hversu oft heldurðu að þú hafir séð djúpfalsaðar myndir eða myndbönd?

Birtingarskilyrði: Allir í 8. bekk og eldri




Í 8. – 10. bekk segir aðeins lítill hópur, um 8 – 10%, að þau hafi aldrei séð djúpfalsaðar myndir eða myndbönd. Mun hærra hlutfall hefur hins vegar séð slíkt efni oft, því saman eru bæði bilin 6 – 10 sinnum og oftar en 10 sinnum valin af tæpum helmingi þátttakenda. Sérstaklega merkja strákar í 8. – 10. bekk við oftar en 10 sinnum í um 30% tilvika en stelpur sjaldnar eða 23%. Samhliða þessu velja margir (22 – 24%) einnig valmöguleikann Ég veit það ekki, sem bendir til óvissu um hvað telst djúpfalsað eða hvort þau hafi borið kennsl á það.

Í framhaldsskóla minnkar hópurinn sem segir Aldrei niður í um 6 – 8%. Algengast er að hafa séð djúpfalsaða mynd 6 – 10 sinnum og oftar en 10 sinnum. Sérstaklega er valið oftar en 10 sinnum áberandi með um 40% stráka og 34% stelpna. Þegar efstu bilin eru tekin saman sést skýrt að vel yfir helmingur framhaldsskólanema hefur séð djúpfalsað efni sex sinnum eða oftar undanfarinn mánuð. Hlutfallið sem velur Ég veit það ekki lækkar niður í um 13 – 16%, en óvissan er þó enn til staðar.

Nemendur í 8. – 10. bekk nefndu myndbönd oftast (72%) þegar spurt var hvaða tegund djúpfalsana þau höfðu séð, mynd 1.8. Næst þar á eftir er að hafa séð djúpfalsaðar myndir, 57%. Valmöguleikarnir *Texti eða skrif* og *Aðeins hljóð* eru hvoru tveggja 14%. Um 12% segja að þau viti ekki hvað þau sáu en 6% nefna að þau hafi séð *Eitthvað annað*.


Svipað mynstur sést í framhaldsskóla þar sem *Myndbönd* eru einnig algengust, 84%, og *Myndir* koma næst, 66%. *Texti eða skrif* eru 22%, *Aðeins hljóð* nefna 17%. Að segjast ekki vita hvað þau sáu völdu 4% en 6% nefna að hafa séð *Eitthvað annað*.

Mynd 1.8. Þú taldir þig hafa séð eitthvað sem var djúpfölsun. Hvernig djúpfölsun sástu?



Algengast var að djúpfalsanirnar sem þátttakendur sáu væru fyndnar eða hæðnislegar, 53 – 60%. Næst komu falsaðar auglýsingar, 25 – 27% og þar á eftir djúpfalsanir sem sýndu stjórnmálamann eða pólitískan atburð, 17 – 28%. Hlutföll voru mjög svipuð í 8. – 10. bekk og framhaldsskóla. Aðrir valkostir mældust lægri, sjá mynd 1.9

Mynd 1.9. Hvað voru þessar djúpfalsanir að sýna sem þú sást undanfarinn mánuð?



Í töflu 1.1. má sjá þá staði sem nemendur sögðust hafa séð djúpfalsað efni. Nemendur í 8. – 10. bekk nefna langoftast að þau hafi séð djúpfalsað efni á vefsíðu eða appi sem sýnir myndbönd sem annað fólk hefur sett inn, 80%. Næst algengast er að þau hafi rekist á djúpfalsað efni á vefsíðu eða appi á samfélagsmiðlum, 21%, og í þriðja sæti eru leitarvélar eins og Google eða Yahoo, 9%.

Tafla 1.1. Hvar sástu þessar djúpfalsanir?

Birtingarskilyrði: Að hafa séð djúpfalsanir.

	8.-10. bekkur (%)	Framhaldsskóli (%)
Á vefsíðu eða appi sem sýnir myndbönd sem annað fólk hefur sett inn (t.d. YouTube, TikTok o.s.frv.)	80	85
Á vefsíðu eða appi á samfélagsmiðlum (t.d. Facebook, X , Instagram o.s.frv.)	21	46
Á leitarvél (t.d. Google, Yahoo, osfrv.)	9	12
Ég veit það ekki	9	4
Á "Livestream" vefsíðu eða appi þ.m.t. hluti af samfélagsmiðlum eða appi	4	4
Á fréttavefsíðu eða -appi (t.d. RUV, Vísi, DV, Daily Mail Online, o.s.frv.)	3	5
Í sjónvarpinu	3	5
Einhvers staðar annars staðar	3	4
Á spjallvef eða -appi (t.d. Facebook Messenger, WhatsApp osfrv.)	2	5

Færri en 5% völdu eftirfarandi valkosti:

- Á spurt og svarað vefsíðu eða appi (t.d. Quora).
- Í tölvupósti.
- Á bloggsíðu eða appi
- Á spjalli eða spjallrás í tölvuleiknum.
- Á skráasamnýtingarþjónustu (t.d. Apple AirDrop, Google Drive, Apple iCloud osfrv.).
- Á markaðstorgi (t.d. Facebook Marketplace).
- Með SMS eða textaskilaboðum.
- Í hljóð- eða myndsímtali.
- Ég vil ekki segja.


Sama mynstrið sést í framhaldsskóla þar sem 85% segja að þau hafi séð efnið á vefsíðum eða öppum sem sýna myndbönd sem annað fólk hefur sett inn. Þá nefna 46% samfélagsmiðla og 12% leitarsíður. Aðrir valkostir sem voru valdir af mun færri þátttakendum má sjá í og undir töflu 1.1.

2. FRÉTTIR

Hlutfall þeirra sem lesa, hlusta eða horfa á fréttir á netmiðlum eykst eftir aldri hjá báðum kynjum, mynd 2.1.

Mynd 2.1. Lest, hlustar eða horfir þú á fréttir á miðlum á netinu?

Birting: Birtingar: Allir í 5. bekk og eldri




Um 46% stráka í 5. – 7. bekk, 66% í 8. – 10. bekk og 77% í framhaldsskóla fylgjast með fréttum oft eða stundum á netinu. Hjá stelpum eru hlutfallið 39% í 5. – 7. bekk, 65% í 8. – 10. bekk og 84% í framhaldsskóla. Samantekið hækkar með aldrinum hlutfall þeirra sem lesa, hlusta eða horfa á fréttir oft eða stundum á netmiðlum og er hlutfallið afar svipað hjá strákum og stelpum.

Algengustu miðlarnir sem þátttakendur segjast nota til að lesa eða horfa á fréttir eru nokkuð mismunandi eftir aldri, mynd 2.2. Í 5. – 7. bekk eru það helst ruv.is og YouTube, 40%, ásamt visir.is (32%) og TikTok (26%). Í 8. – 10. bekk er TikTok lang oftast nefnt (62%), en næst koma visir.is (42%), mbl.is (40%) og ruv.is (33%). Í framhaldsskóla eru visir.is (65%) og mbl.is (64%) algengastir, en því næst kemur TikTok (54%) og ruv.is (47%). Aðrir miðlar mælast lægra en sjást á myndinni.

Mynd 2.2. Hvaða miðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir?


Birtingarskilyrði: Að fylgjast með fréttum oft eða stundum á netmiðlum



Algengasta ástæðan fyrir því að fylgjast með fréttum er sú að þátttakendum finnist það góð leið til að læra um nýja hluti, 46% í 5. – 7. bekk, 49% í 8. – 10. bekk og 58% í framhaldsskóla, mynd 2.3. Í öllum aldurshópum nefna 20 – 31% að fréttir séu skemmtilegt afþreyingarefni. Hlutfall þeirra sem segja að það sé persónulega nauðsynlegt og gagnlegt hækkar með aldri úr 12% í yngsta hópnum í 29% í framhaldsskóla. Talsvert hlutfall í framhaldsskóla, 26%, segir að þá hafi þau eitthvað að tala um og ræða við aðra vegna fréttanna, en lægra hlutfall í yngri bekkjum nefna þessa ástæðu, 15 – 16%. Tæpur þriðjungur í 5. – 7. bekk veit ekki hvers vegna þau fylgjast með fréttum en það hlutfall lækkar mjög með aldri og er í framhaldsskóla 16%. Aðrir valkostir mælast lægri en sjást á myndinni.

Mynd 2.3. Hvers vegna fylgist þú með fréttum?

Birtingarskilyrði: Að fylgjast með fréttum á netmiðlum oft eða stundum




Þátttakendur voru spurðir um fréttaforðun. Könnunin var tekin í september til nóvember 2025 og niðurstöður skoðast því með tilliti til þeirrar tímasetningar, mynd 2.4.

Mynd 2.4. Reynir þú að forðast fréttir þessa dagana.

(Sept/Okt 2025)

Birting: Allir í 5. bekk og eldri




Hlutfall þeirra sem reyna að forðast fréttir lækkar lítillega með aldri hjá báðum kynjum. Hjá strákum segja 38% í 5. – 7. bekk, 34% í 8. – 10. bekk og 28% í framhaldsskóla að þeir forðist fréttir oft eða stundum. Hjá stelpum eru samsvarandi tölur 34% í 5. – 7. bekk, 30% í 8. – 10. bekk og 32% í framhaldsskóla. Aðrir svarmöguleikar mælast hærri og skiptast milli þeirra sem forðast fréttir sjaldan og þeirra sem forðast þær ekki, eins og sjá má á myndinni.

3. FALSFRÉTTIR

Hlutfall þeirra sem telja sig hafa séð falsfrétt á síðastliðnu ári er hærra í framhaldsskóla en í 8. – 10. bekk, mynd 3.1. Meðal stráka segja 38% í 8. – 10. bekk og 56% í framhaldsskóla að þeir hafi séð slíka frétt.

Mynd 3.1. Hefur þú séð frétt á síðastliðnu ári sem þú telur hafa verið falsfrétt?



Svipað mynstur sést hjá stelpum þar sem 37% í 8. – 10. bekk og 56% í framhaldsskóla telja sig hafa séð falsfrétt. Hlutfall þeirra sem segja nei eða að þau viti það ekki er því hærra í 8. – 10. bekk en lægra í framhaldsskóla, eins og sjá má á myndinni.

Mynd 3.2 á næstu síðu sýnir viðbrögð þeirra sem sáu frétt sem þau töldu að gæti verið falsfrétt. Nokkur sögðu í opnu svari að þau hefðu „reportað" fréttina. Hér að neðan má sjá nokkur af opnu svörunum.

„HUNSAÐI FRÉTTINA, HÚN VAR FREKAR AUGLJÓS"

„REPORTA LÍKA FALSAFRÉTTINA"


„ÉG KLIFRAÐI UPP Í LJÓSASTAUR TIL AÐ HUGA UM EITTHVAÐ ANNAÐ"

„AUGLJÓS FALSFRÉTT"

Í 8. – 10. bekk sögðust 61% ekki hafa gert neitt þegar þau höfðu frétt grunaða um að vera falsfrétt, 28% leituðu upplýsinga um efnið á netinu, 10% skoðuðu fjölmiðla sem þau treystu, fáir völdu aðra kosti sem sýndir eru á myndinni.

Mynd 3.2. Hvað gerðir þú síðast þegar þú sást frétt sem þú taldir vera falsfrétt?

Birtingarskilyrði: Að hafa grun um að frétt gæti verið falsfrétt.
Fjölvalsspurning



Í framhaldsskóla sögðust 61% ekki hafa gert neitt, 33% leituðu upplýsinga á netinu, 20% skoðuðu fjölmiðla sem þau treystu, 11% töluðu við vin eða fullorðinn einstakling. Eins og í 8. – 10. bekk völdu afar fáir aðra kosti, og enginn hakaði við valkostinn, Veit ekki, sem er því sleppt á myndinni.

Þau sem völdu valkostinn að þau skoðuðu miðla sem þau treystu fengu aukspurningu um hvaða miðlar það væru, mynd 3.3.



Mynd 3.3. Hvaða miðla skoðaðir þú sem þú treystir?

Orðaskýið hér til vinstri sýnir tíu algengustu svörin sem nemendur nefndu. Vert er að nefna að sumir nefndu að það væru ónafn-greindir áhrifavaldar eða einstaklingar á samfélagsmiðlum eins og TikTok og YouTube sem þeir skoðuðu.

Nemendur í framhaldsskóla (73%) sögðust oftar en þau sem eru á unglingastigi (59%) hafa séð á samfélagsmiðlum frétt sem mögulega var falsfrétt, mynd 3.4. Einnig var hlutfall framhaldskólanemanna hærra (29%) en á unglingastigi (29%) varðandi að hafa séð mögulega falsfrétt á vefsíðum. Báðir aldurshópar voru svipaðir hvað varðar að hafa séð slíkar fréttir á YouTube (11 – 15%). Fjórði algengasti valkosturinn var að vita ekki eða muna ekki en þar var óvissan mun meiri í 8. – 10. bekk, 17% samanborið við framhaldsskóla 9%. Aðrir valkostir voru síður valdir.

Mynd 3.4. Hvar sást þú frétt sem þú taldir að verið gæti falsfrétt?

Birtingarskilyrði: Að hafa séð frétt sem þau töldu mögulega falsfrétt.
Fjölvalsspurning



„Á MBL Á 1. APRÍL “



FJÖLMIÐLANEFND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN